

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina Minningarsjóð Ólafs Túbals og Láru Eyjólfsdóttur.

1. gr.

Nafn og heimili.

Heiti sjálfseignarstofnunarinnar er Minningarsjóður Ólafs Túbals og Láru Eyjólfsdóttur. Heimilisfang hennar er að Austurvegi 4, Hvolsvelli.

2. gr.

Tilgangur og markmið.

Tilgangur sjálfseignarstofnunarinnar er að styrkja unga og efnilega listamenn í Rangárvallasýslu til náms í mynd-, tón-, söng- og leiklist, innanlands sem utan.

3. gr.

Stofnfé.

Stofnfé sjálfseignarstofnunarinnar er kr 4.270.000 sem er arfur samkvæmt erfðaskrá Reynis Ólafssonar, sonar þeirra Ólafs og Láru.

4. gr.

Stjórn stofnunarinnar.

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum og einum varamanni sem tilnefndir skulu af sýslumanninum á Hvolsvelli ótímabundið og skal sýslumaður tilnefna formann.

Hlutverk stjórnar er að vinna að markmiðum sjálfseignarstofnunarinnar og sjá þannig um að rekstur hennar sé í samræmi við markmið og tilgang hennar. Stjórnin skal bera ábyrgð á fjárvörslu stofnunarinnar. Hún skal sjálf ákveða með hvaða hætti úthlutanir úr sjóðnum fara fram. Stjórnin skal árlega gera sýslumanninum á Hvolsvelli grein fyrir hverjir hafi hlotið framlög úr sjóðnum og hversu há.

5. gr.

Reikningsár og endurskoðun.

Reikningsár sjálfseignarstofnunarinnar er almanaksárið. Stjórnin ræður löggiltan endurskoðanda til að endurskoða ársreikninga og skal þeirri endurskoðun vera lokið í aprílmánuði ár hvert fyrir síðasta starfsár. Senda skal ársreikninginn áritaðan og samþykktan af stjórn og endurskoðanda til sýslumannsins á Hvolsvelli og til Ríkisendurskoðunar sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 19/1988. Auk ársreiknings skal senda þessum aðilum yfirlit yfir það hvernig fé stofnunarinnar hafi verið ráðstafað á næstliðnu ári.

6. gr.

Tekjur sjálfseignarstofnunarinnar eru einungis vaxtatekjur og mögulega framlög frá opinberum aðilum.

7. gr.

Skipulagsskrá þessari verður einungis breytt með samþykki sýslumannsins á Hvolsvelli og dómsmálaráðuneytisins.

8. gr.

Sjálfseignarstofnun þessi verður ekki lögð niður nema með samþykki sýslumannsins á Hvolsvelli og dómsmálaráðuneytisins (sbr. 6. gr. laga nr. 19/1998).

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytisins á skipulagsskrá þessari og hún síðan birtast í B-deild Stjórnartíðinda.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. apríl 2005.

F. h. r.

Hjalti Zóphóniasson.

Bryndís Helgadóttir.